

# Ársskýrsla Bókasafns Akraness 2022



Landskerfi bókasafna



leitir.is



Rafbókasafnið

[hvar.is](#) [Tímarit.is](#) [Bækur.is](#)

## Lykiltölur

Útlánuð gögn: 32.668 (38.711) \*

Útlán Rafbókasafn: 607 (809) útlán. 21 (30) notendur.

Bókin heim og útlán á Höfða: 1127 (1.603). Þjónustubeiðnir 88 (92).

Millisafnalán: jan-maí: 122 og júní – des: 38: 160

Virkir lánþegar: 1.510 (1.382), konur: 1.054 (959), karlar: 429 (401), stofnanir/ aðrir 27 (22).

Lán per lánþega: 21,6 (26,1) eintök.

Sögustundir fyrir börn á íslensku, pólsku og úkránísku: 15, 6, 3.

Fjöldi barna á sögustundir: 3-5 börn í hvert sinn og foreldrar. Samtals gestir: 250

Heimsóknir leikskólabarna, skipulagðar: 8 (10) heimsóknir: 115 (126) börn.

Heimsóknir grunnskólanema: 15 (4) heimsóknir: 270 (45) börn.

Talning gesta á viðburðum: Ekki talið.

Fjöldi viðburða, sýninga, fyrirlestrar, námskeið, foreldramorgnar: 43

Leshringir, fjöldi funda / fjöldi þátttakenda: 11 (8) fundir /2 hópar.

Svöfusalur: aðgangskort: 40 (40).

Þjónustutími, vetur/sumar: 43/40 (43/40) klst. á viku. Engar lokanir á árinu vegna covid, en fjöldatakmörkanir fram til 25. febrúar.

Safnkostur skráður í Gegni/Alma í árslok 2022: 76.647 (76.935).

Starfsfólk: Fastráðið í 3,75 (3,75) stöðugildi, lausráðið í 15% stöðugildi í 7 vetrarmánuði, í 100% sumarstarf og hlutastarf í 7 mánuði, starf í samvinnu við Akraneskaupstað.

Faglærð störf / ófaglærð störf: 2 stöður háskólamenntaðra starfsmanna / 1,75 stöðugildi bókavara 2 (stúdentspróf eða önnur menntun).

Íbúafjöldi á Akranesi 1. jan. 2023 var 8.000 (7.688).

\*Til samanburðar eru tölur frá árinu áður í sviga ()

## Stjórn safnsins

Bókasafnið var fært undir mennta- og menningarsvið Akraneskaupstaðar þann 7. apríl, breyting á skipuriti. Sviðsstjóri var Valgerður Janusdóttir og síðar Dagný Hauksdóttir.

Menningar- og safnanefnd fer með stjórn menningarmála og menningartengdra málefna, svo sem viðburða og safna. Nefndin heyrir undir stjórnarsýslu mennta- og menningarráðs. Bókasafnið starfar samkvæmt Bókasafnslögum nr. 150/2012

## Fastráðið og lausráðið starfsfólk

Ásta Björnsdóttir, Geirlaug Jóna Rafnsdóttir, Hrafnhildur Maren Ýr Árnadóttir bókaverðir, Ingibjörg Ösp Júlíusdóttir deildarstjóri og Halldóra Jónsdóttir safnstjóri. Halldóra lét af störfum í lok ársins eftir 42 ár, þar af s.l. 25 ár sem bæjarbókavörður, tímabilið 1998-2022.

Lausráðið starfsfólk í afleysingar: Tinna Rós Þorsteinsdóttir fyrri hluta ársins og Bjargey Magnúsdóttir seinni hluta ársins. Sumarstarfsmaður Sóley Brynjarsdóttir og að auki Kristinn Jens Kristinsson. Vetrarstarfsmaður Málfríður Júlía Ingvarsdóttir. Auk þess var Anastasiia Krasnoselska ráðin í hlutastarf í 7 mánuði, 10%, 30% og með haustinu í 70% starfshlutfall.

## Yfirlit yfir starfsemina

Á árinu var skipt um bókasafnskerfi. Gamli Gegnir/Aleph var lagður niður þann 31. maí og nýr Gegnir/Alma tekinn í notkun 13. júní. Samkvæmt upplýsingum frá Landskerfi bókasafna er tölfraeðin fyrir árið 2022 frekar erfið í framsetningu. Hluti af útlánatölfraeðinni er unnin upp úr gamla Gegni og hluti upp úr nýja Gegni. Á þessum tveimur kerfum er munur og það endurspeglast í tölfraeðinni. Grunnatriði í gamla Gegni eins og eintakastaða eða lánþegastaða eru núna í nýja Gegni útlánaregla og notendahópur.

Einhver röskun var á starfsemi safnsins við kerfisbreytingarnar. Notendur þurftu að tileinka sér breytt umhverfi með nýju kerfi. Allir starfsmenn safnsins sóttu Teams námskeið í Alma og gekk innleiðingin vel. Í lok ársins var keypt ný sjálfsafgreiðsluvél. Allt safnefni verður örmerkt árið 2023 og þá verða einnig sett upp öryggishlið við útganga.

## Safnkostur

### E01 - Eintök eftir efnistegund í árslok 2022

Efnistegund	Fjöldi 2022	Fjöldi 2021	Fjöldi 2020
Bækur	60.643	60.590	60.914
Gagnasett	61	69	184
Geisladiskur	834	834	835
Geisladiskur/hljóðb	244	251	476
Hljólmplata	37	37	37

Innb tímarit	1.527	1.556	1.446
Kort	17	17	17
Mp3-hljóðbók	881	883	652
Myndband video	39	39	49
Mynddiskur DVD	940	943	1124
Nótur	117	117	116
Snælda/hljóðbók	36	36	36
Spil (card)	55	35	28
Tímaritshefti	11.155	11.497	11437
Tæki	23	21	21
Tölvugögn, Annað	5+8+5	5	6
Samtals	76.627	76.935	77.378

Á árinu voru nýskráð 2.867 (2.021) safngögn og afskráð 2.393 (2.564) safngögn. Safneign rýrnaði um 288 safngögn 0,3% (0,5) og er það að mestu leyti afskráð safnefni, árangurslaus innheimta og upplesnar bækur, árleg grísjun.

### Afskráð eintök 2022/21

Almenn safndeild	803 (Aleph)	989 (Alma)	= 1.792 (2.167)
Geymsla	532 (Aleph)	69 (Alma)	= 601 (397)
Samtals	1.335 (Alep)	1.058 (Alma)	= 2.393 (2.564)

### E03 - Eintök eftir safndeild

Bókasafn Akraness	Safndeild	Fjöldi safngagna
Bókasafn Akraness	Almenn deild	26892
Bókasafn Akraness	Barnadeild	5890
Bókasafn Akraness	Björnssafn	3190
Bókasafn Akraness	Brekkubæjarskóli-útlán (sumarlestur)	13
Bókasafn Akraness	Byggðasafn	604
Bókasafn Akraness	Geymsla	27260
Bókasafn Akraness	Handbókadeild	102
Bókasafn Akraness	Haraldssafn	4598
Bókasafn Akraness	Héraðsskjalasafn Akraness	312
Bókasafn Akraness	Jólabækur	62
Bókasafn Akraness	Smábarnadeild	2319
Bókasafn Akraness	Teiknimyndasögur	1237
Bókasafn Akraness	Átthagadeild	4168
Samtals		76.647

## Útlán

### U03 - Útlán eftir lánþegastöðu og kyni.

Skýrslur úr Aleph 1. janúar-30. maí, Alma 31. maí – 31.des.


Notendahópur	Kk Aleph	kk Alma	Kvk Aleph	Kvk Alma	Ótilgreint	Samtals
Fullorðinn	823	979	4.034	5.090		10.926
Frítt skíteini	793	1.029	2.905	3.844		8.571
Bókin heim			924	616		1540
Börn og unglingar	893	1817	1.455	2.990		7.155
Msl-innlend söfn					160	160
Stofnanir					551	551
Endurnýjanir					2168	2.168
Rafbókasafn					607	607
Annað					1000	1.000
	Kk Aleph	Kk Alma	Kvk Aleph	Kvk Alma		
Samtals:	2.509	3.825	9.318	12.540	4.486	32.678

### U01 – Útlán eftir mánuðum og árum. Til samanburðar eru árið 2019-2022.

Útlán	2022-útlán	2022 - skil	2021 - útlán	2021 skil	2020 útlán	2020 skil	2019 útlán
Janúar	2.516		3340		3.853		3534
Febrúar	2.426		3086		3.239		3112
Mars	2.889		3661		3.362		3149
Apríl	2.255		2714		305		3285
Maí	2.217	10.454*	2775		3394		2751
Júní	2.617		3628		3798		4330
Júlí	2.730		3713		3.964		4453
Ágúst	2.556		3134		3.148		3648
Sept	2.218		2824		3167		3223
Okt	2.105		2903		3151		3769
Nóv	2.269		3071		1220		3729
Des	2.095	16.636*	2553		2.468		3148
Endurnýjanir Alma	2.168						
<b>Samtals</b>	<b>31.061</b>	<b>27.090</b>	<b>37.402</b>	<b>31.673</b>	<b>33.459</b>	<b>29.136</b>	<b>42.131</b>
Rafbókasafn	607		809		750		
Annað	1.000		500		1000		
Samtals	<b>32.668</b>		<b>38.711</b>		<b>35.830</b>		

Útlán eru 6.043 færri en árið áður (15%).

\*Þetta eru samtals skil í Aleph og hins vegar í Alma yfir árið. Samkvæmt þessu er Alma skilvirkara kerfi.



### U13 - Útlán og skil í sjálfsafgreiðsluvél jan-maí 2022. Vantar uppl v/Alma.

Útlánskóði	Fjöldi 2022
Útlán	3.544 Aleph
Skil	4.738 Aleph
Endurnýjað lán	34
Samtals	8.371

Tæplega 40% (42%) af útlánnum og skilum fór um sjálfsafgreiðsluvél fyrri hluta ársins. Útlán og skil voru 22.956 og þar af voru lán og skil í gegnum í sjálfsafgreiðsluvélina 8.371. Gera má ráð fyrir svipaðri notkun síðari hluta ársins.

**Bókin heim**, útlán og fjöldi notenda. Heimsendingaþjónusta til þeirra sem ekki komast á safnið. Samtals voru lánuð 1127 safngögn. 88 þjónustubeiðnir. 10-12 lánþegar virkir í hverjum mánuði.

**Hvað er mest lánað?** Bækur eru mest lánaðar og þar á eftir tímaritin. Útlán rafbóka minnkaði, að hluta til vegna kerfisbreytinga. Aðgangsorð lánþega fluttust ekki milli kerfa og dró það úr notkun. Allir lánþegar hafa aðgang að Rafbókasafninu, úrval hljóðbóka og rafbóka.

Efnistegund	2022 Aleph jan-maí	2021, allt árið
Tæki (Equip)	4	3
Gagnasett (kit)	4	128
Geisladiskur/hljóðbók (cdspo)	32	225

Spil (card)	35	71
Tímaritshefti (issue)	38+743	2189
Geisladiskur (cd) tónlist	2	17
Mp3-hljóðbók (Mp3)	170	540
Mynddiskur (DVD)	110	398
Nótur (music) og kort	2	4
Bók (book)	11.084	33.534
Rafbækur (Rafbókasafn)	607	809
<b>Samtals:</b>	<b>12.831</b>	<b>37.918</b>

**Lánþegar** Fjöldi lánþega: Virkir lánþegar voru 1.510 (1.382). Konur eru meirihluti lánþega.

<b>U-15 Virkir lánþegar eftir kyni</b>		
Kyn	Árið 2022	Árið 2021
Konur	1054	959
Karlar	429	402
Aðrir	27	22
Samtals	1.510	1.382

Þetta er eina skýrslan sem er unnin bæði upp úr gamla Gegni og Ölmú. Hér er talinn upp fjöldi einstaklinga (kennitala) sem fékk amk eitt gagn lánað á árinu 2022. Lánþegar geta verið fleiri, t.d. þeir sem nota eingöngu Rafbókasafnið og hafa gilt skírteini hjá Akrav. Breyttar reglur eru um skráningu lánþega. Í nýja Gegni er lánþegastaðan skráð í lánþegafærsluna og í hverri lánþegafærslu getur aðeins verið ein lánþegastaða. Lánþegum fjölgar verulega milli ára. Fólk er að koma aftur eftir covid farsóttina.

**Laugardagar eru fjölskyldudagar** og eru vel sóttir, áhersla er lögð á *fjölskyldan saman á Bókasafninu*. Á árinu var Bókasafnið með styrk frá SSV til að auka fjölbreytni í viðburðum, m.a. í barnastarfi. Tinna Royal listamaður var ráðin til samstarfs og kom hún að nokkrum verkefnum. Gestir á laugardögum voru frá 20-100 manns í hvert sinn.



## Barnastarf

Bókasafnið býður upp á fjölbreytt barnastarf. Fastir liðir undanfarin ár eru sögustundir, sumarlestur, ritsmiðja, ýmsar smiðjur. Sögustundir eru á miðvikudögum yfir vetrarmánuðina og var þátttaka góð. Vandaður upplestur og spjall við börnin um efni sögunnar skapar ángæjulega samveru. Þá er alltaf boðið upp á að lita myndir sem tengjast efni dagsins. Treg mæting var hins vegar á pólskar sögustundir og það sama var með úkránískar sögustundir.

Kosning barnanna um vinsælustu bækur árisins, Bókverðlaun barnanna, fór fram á vordögum.

Niðurstöður kynntar á sumardaginn fyrsta í Borgarbókasafni. Þetta er samvinnuverkefni almenningsbóka- og grunnskólasafna á landinu, með frjálsri þátttöku nemenda.

Sigurveggar 2022: Orri óstöðvandi: kapphlaupið um silfur Egils eftir Bjarna Fritzson og Dagbók Kidda klaufa 15: Á bólakafi eftir Jeff Kinney, þýðandi Helgi Jónsson.

**Sumarlestur barna** (6-12 ára) hófst í byrjun júní og stóð til 12. ágúst. Sumarlesturinn hefst alltaf með kynningu á verkefninu. Nemendum á yngsta stigi grunnskólans er boðið í heimsókn með kennarar og bókaverðir kynna verkefnið. Þessar kynningar eru vel sóttar.

Þema ársins var **Sjóræningjar** og á Vegginn var málað “sjóræningjaskip og fjársjóðseyja”. Þátttakendur skreyttu vegginn með bókamiðum og tóku þátt í sprelli “sjóræningjans” sem birtist af og til á safninu. Kauði lét vita af sér með því að flagga sjóræningjafána á fánstöng safnsins – og senda skilaboð á facebook.



“Talningarsúla” tók stöðuna á lestrinum í hverri viku. Náum við að slá fyrra met sem var 81.313 bls. eða 931 bók? **Það tókst!** 92.736 bls. í 1.311 lesnum bókum.

Styrktaraðilar: Skessuhornið (lesari vikunnar) og nokkur bókaforlög veittu bókaverðlaun.

Fjöldi þátttakenda	Hvað var mikið lesið	Per þátttakanda
246 skráð, 169 börn virk	92.736 bls/ 1.311 bækur	549 bls / pr.7,7 bók





**Húllum hæ hátíðin** var 17. ágúst og tóku 60 börn þátt leikjum og þrautum með hinum stórskemmtilega og hæfileikaríka Jorgen Nilsen. Og starfsfólkið sló í gegn eins og sjá má á mynd.

**Ritsmiðja** fyrir börn var í umsjón Bergrúnar Írisar Sævarsdóttur rithöfundar. Smiðjan var 13.-16. júní, fyrir börn á aldrinum 10-12 ára, fullbókað. Á lokadegi var upplestur fyrir foreldra og vini, og komu um 30 gestir.

Bókasafnið var í samvinnu við IceDocs heimildamyndahátíðina sem haldin var júní, annað árið í röð, um námskeið fyrir börn. Samtals tók 21 barn þátt í námskeiðum sem haldin voru í Svöfusal. Leiðbeinandi kom frá IceDocs. Börnin sýndu afrakstur vinnu sinnar á hátíðinni.

**Öskudagur.** Tekið á móti sönghópum á árinu, 350 glaðir söngvarar heimsóttu safnið.

## Sýningar og viðburðir

Í upphafi árs var auglýst var eftir umsóknum um sýningar. Var það í fyrsta sinn sem það verklag var viðhaft. Ekki var hægt að verða við öllum beiðnum. 8 sýningar voru settar upp, þar af 6 sölusýningar. Sýningarnar voru mjög vell sóttar.

**Hugarflug**, Heiðrún Þorgeirsdóttir sýndi vatnslita- og blekmyndir. Sýningartími 27. janúar - 23. febrúar.

**Hafið**, Brynja M. Brynjarsdóttir. Listform: Acrýl málun, Alcohol Inc blek. Sýningartími 4.-31. mars.

Að venju var maí- sýningin í samvinnu við skólasamfélagið. Þetta árið kom sýning frá **Leikskólanum Garðaseli**. Fjölbreytt verk nemenda til sýnis. Verk tengd sögunni um Benedikt búaílf auk fjölda annarra verka unnin í skólstarfinu.



Sumarsýningin á VEGGNUM var **Fantasía**, sýning Jóhönnu Jónsdóttur.

Sýningartími 23. Júní – 31. Júlí.

**Smámyndir**, sýning Ingu Rósu Loftsdóttur. Listform: Vatnslitaðar pennateikningar og myndir á Tarot spilum sem upphaflega voru gerðar í grafík, aqvatintu. Sýningartími 2. ágúst - 2. Sept.

**Aldurstig**, sýning Eddu Agnarsdóttur. Listform: tvívídd blönduð tækni og þrívídd smáhlutir í tré og textil. Sýningartími 15. september-15. október.

Sýning á Vökudögum, 21. okt – 15. nóv, var sýning Elísabetu Ragnarsdóttur og Jóhönnu E. Vestmann, **Litríkt landslag og horfin hús**. Samsýning tveggja listakvenna sem eru ólíkar í sinni sköpun og tækni með vatnslitina, sem sýnir fjölbreytileika vatnslitanna. Jóhanna er nákvæmari í sínum verkum og málar gjarnan hús frá Akranesi, mörg hver horfin. Elísabet málar oft landslag og notar flæði vatnslitanna vel.

**Aðventusýning** kom frá skagakonunni Jóhönnu Kristínu Guðmundsdóttur, sem sýndi ýmsar **jólahannyrðir**. Jóhanna Kristín hefur búið í Innri Akraneshreppi hinum forna og á Akranesi alla sína tíð, er fædd 1935, og starfaði sem hjúkrunarkona á Sjúkrahúsi Akraness og Dvalarheimilinu Höfða. "Þetta hef ég verið að fönndra við gegnum árin. Það elsta er frá 1962 en hið yngsta bjó ég til á þessu ári. Ég nýt þess að stunda hannyrðir og það besta sem ég fékk í jólagjöf sem krakki var eitthvað til að sauma." M.a. sýndi hún jólatré frá árinu 1960, skreytt handunnu skrauti eftir hana sjálfa. Sýningartími 24. nóvember til 18. desember.



### **Aðrir viðburðir**

Viðburðir eru stór þáttur í starfsemi safnsins og eru vel sóttir.

**Foreldramorgnar** eru vettvangur fyrir foreldra að hittast með ungbörn sín, jafnt mæður sem feður. Á facebooksíðu hópsins er dagskrá kynnt en viðburðir eru ákveðnir í samráði við hópinn. Hópurinn hittist einu sinni í viku yfir vetrarmánuðina.

Þá er prjóna- og heklkaffi á miðvikudögum og kallaspjall á föstudögum.

Tveir Leshringir eru starfandi á safninu. Báðir fyrir fullorðna. Hóparnir hittast einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina. Bókasanfsdagurinn í September og Norræn bókmenntavika í nóvember.

Fjölbreytt dagskrá var á **Vökudögum** fyrir alla aldurshópa, bókmenntakvöld, listsýning, Skuggaleikhús, fjölskyldusöngstund og Minecraft námskeið frá SkemaHR.

### **Bókmenntakvöldið bar titilinn: Um daginn, veginn, draumana og Paul**

Á bókmenntakvöldi, er einn af föstu liðum Vökudaga. Þessir rithöfundar komu í heimsókn og lásu úr verkum sínum:

Sigríður Víðis Jónsdóttir: Vegabréf: íslenskt

Ari Jóhannesson: Dagsláttá

Sigmundur Ernir Rúnarsson: Spítalastelpan

Benný Sif Ísleifsdóttir: Gratíana

Jón Kalman Stefánsson: Guli kafbáturinn

og Sigurbjörg Þrastardóttir: Krossljóð.

Sigurbjörg Þrastardóttir stýrði dagskrá sem fór fram mánudaginn 31. október kl. 20. Fullt hús.

**Fjölskyldusöngstund** var á vegum Valgerðar Jónsdóttur tónmenntakennara í Grundaskóla og stjórnanda barnakórs Grundaskóla. Fastur liður undanarinn ár og alltaf mjög vel sóttur viðburður.

**Sögugangan** “Kellingar í útgerð” var unnin og flutt í samstarfi við sögukonurnar Kellingar. Sögugangan fór fram á Sjómannadaginn, góð þátttaka í blíðskaparveðri. Dagskráin var flutt á Höfða á Vökudögum. Uppbyggingasjóður Vesturlands styrkti viðburðinn. Handritshöfundar, þær Halldóra Jónsdóttir, Guðbjörg Árnadóttir og Hallbera Jóhannesdóttir hlutu Menningarverðlaun Akraneskaupstaðar og voru verðlaunin afhent í upphafi Vökudaga.



Skýrslan er byggð á Árslokátölfræði Landskerfis bókasafna fyrir árið 2022. Fyrri hluta ársins eru skýrslur úr Aleph, síðari hluta ársins, 31. maí -31. desember úr Alma. Niðurstöður í töflum geta verið örlítið mismunandi í sambærilegum töflum.

#### Ársreikningar 2022 (27.02.2023)

Niðurstaða Ársreiknings Bókasafns Akraness var jákvæð um 481.000, auk þess var jákvæð staða á Innri leigu 1.287.254.

27.02.2023 - Halldóra Jónsdóttir bæjarbókavörður.



Starfsfólk Bókasafnsins á góðri stund í lok ársins.